

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands haldinn í Félagsheimilinu Árnesi 21. mars 2012 kl 11:30.

Á fundinn voru mættir fulltrúar eigenda:

Sædís Íva Elíasdóttir og Steingerður Hreinsdóttir, f.h. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands,

Ásbjörn Jónsson og Sigurdís Lilja Guðjónsdóttir, f.h. Ferðamálasamtaka Suðurlands. Fulltrúar Rúntsins um Rangárþing og Ferðamálafélgs Austur Skaftafellssýslu boðuðu forföll.

Einnig mætti á fundinn Davíð Samúelsson framkvæmdarstjóri Mss.

1. Sædís Íva setti fund og bað fundarmenn velkomna. Rifjaði upp upphaf MSS að hverjir koma að henni. Fór yfir helstu verkefni sem MSS framkvæmdi á árinu.

2. Ársreikningur MSS 2011

Ársreikningurn 2011 lagður fram. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

3. Stjórnarkjör:

Eigendur hafa skipað í stjórnina:

Steingerður Hreinsdóttir og Gunnar Örn Marteinnsson aðalmenn f.h. APS, til vara Guðlaug Ósk Svansdóttir.

Ásbjörn Jónsson og Sigurdís Guðjónsdóttir aðalmenn fyrir Ferðamálasamtök Suðurlands, til vara Þórir Erlingsson

Anna Björg Stefánsdóttir aðalmaður fyrir Rúntinn um Rangárþing, til vara Eyrún Jónasdóttir.

Sigrún Kapítóla Guðrúnardóttir, aðalmaður fyrir Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu, til vara Einar Björn Einarsson.

4. Önnur mál:

Anna Fontana. Þakkaði fyrir FAM ferðir MSS og workshopin sem haldin eru á mismunandi stöðum.

Ræddi bæklinginn og aðrar hugmyndir að honum sem væri fyrir sérhæfða hópa.

Davíð sýndi hugmynd af nýjum ímyndunarbæklingi til að nota á sýningum. Bæklingur með hring akstursleiðum. Fyrirtæki innan MSS getur svo látið framleiða sitt kynningarefni til að stinga í bæklinginn.

Baldur Lindin Laugarvatni: Spurði um leyfismál fyrirtækja innan MSS. Hvort eftirlit væri að allir væru með rétt leifi. Davíð fór yfir leyfismálin sem fara í gegnum Ferðamálastofu Íslands. MSS beini fólk þangað og í gegnum þessi ströngu leyfismál ef það vantar uppá hjá aðilum.

Baldur: Spurði hvort MSS tæki kynningarefni frá hverjum og einum innan MSS með sér á sýningar erlendis. Davíð sagði það ekki vera möguleiki vegna magns. Hann færir með kynningarefni sem Mss gæfi út og væri samnefnari fyrir alla innan Mss.

Óli Hótel Selfoss: Langaði að heyra hvað væri framundan á árinu 2012. Davíð fór yfir það helsta sem framundan væri. Sýning um síðustu helgi. Útgáfa á bæklingunum í haust. Ferðakaupendur að koma

allsstaðar að, framundan hópur frá Suður Kóreu. Vinna með klösum að verkefnum. Dreifing og kynning á bæklingum. Vinna á heimasíðunni www.south.is. Á 4 mánaða fresti er lögð fram framvindaskýrsla sem sett er á heimasíðu www.markadsstofa.is þar sem hægt er að sjá hvað er verið að gera. Suðurlandssýning á menningarnótt Rvk. Eftir að vinna þá útfærslu. Áframhaldandi vinna á sýnileika MSS.

Aldís Hveragerði: Þakkaði Davíð, Maríu og stjórn fyrir vel unnin störf. Fannst bæklingurinn nýi góð hugmynd. Ræddi um nýafstæðna sýninguna í Ráððhúsinu. Hvernig sniðugast væri að þróa hana áfram? Davíð sagði að það yrði skoðaða, margar hugmyndir með það og benti fólki á að koma góðum hugmyndum á framfæri til hans varðandi það. Davíð ræddi einnig að erfitt væri að fá umfjöllun hjá stóru fjölmiðlunum þegar svona sýningar væru hjá okkur.

Íva: skiptir máli að þróa okkur og sýningin í Ráðhúsinu á ábyggilega eftir að breytast.

Aldís Hveragerði: Spurði hvort sveitarfélögin sem ekki eru aðilar að Mss væru á leiðinni þangað. Davíð sagði frá því að Rangárþing Ytra væri að skoða það vegna vinnu þeirra að landsmót hestamanna 2014. Framundan er kynning til sveitarfélaganna á Mss.

Íva: Sagði að misskilningur hafi verið meðal sveitarfélaga um aðkomu þeirra í MSS. Peningur Atvinnuþróunarfélagsins sem var lagður fram sem stofnframlag skapar ekki eignarhald sveitarfélaga í MSS. Slæmt væri fyrir fyrirtæki í þeim sveitarfélögum sem eiga ekki aðild að MSS. Kemur niður á þeim.

Barbara: Lýsti yfir ánægju sinni með FAM ferðirnar. Vildi vita hvort möguleiki væri að fá að vita af þeim með betri fyrrivara. Davíð sagði að það ekki hægt því það væru miklar breytingar með hópana fram og aftur. Davíð sagðist allur að vilja gerður með það en gengur ekki alltaf upp.

Jóhanna Hveragerði: Spurði hvort það væri í umræðunni að reyna bæta úr með opnunartíma allt í kring yfir vetrartíma.

Íva: MSS verið með átak í markaðssetningu á vetrarferðamennsku. Ríkið hefur sett mikla fjármuni í að markaðssetja Ísland allt árið en um leið verið dregið úr fjárveitingum til Vegagerðar svo henni er ekki kleift að halda opnum helstu leiðum á fjölfarna staði. Sagði þetta vera mikið ósamræmi. Opnunartími, sveitarfélögin koma þar einnig að eing og opnun sundlauga t.d verið takmarkaður á kvöldin. MSS er að vinna í þessu öllu en tekur tíma.

Engin önnur mál borin upp.

Fundi slitið.

Sædís Íva Elíasdóttir

Steingerður Hreinsdóttir

Ásbjörn Jónsson

Sigurdís Guðjónsdóttir

Davíð Samúelsson